

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Norður-Múlasýslu,
nr. 234 6. október 1964.

1. gr.

Á eftir síðasta tölulið í upptalningu sýsluvega í Hlíðarhreppi í 2. gr. samþykktarinnar komi 2 töluliðir, svo hljóðandi:

12. Bakkavegur:

Um 200 metra af Hafnarvegi að Bakka í Skeggjastaðahreppi.

13. Grófarselsvegur:

Um 700 metra af Grófarselsvegi að nýbýli í landi Grófarsels í Hlíðarhreppi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Rangárvallasýslu,
nr. 154 12. september 1941.

1. gr.

44. gr. orðist svo:

Foreldrum og öðrum hlutaðeigandi er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almanna-færi.

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum dansstöðum. Þeim er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir klukkan 20 nema í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á þeim.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái ekki aðgang né hafist þar við fram yfir það, sem leyfilegt er.